

Nd.

236. Nefndarálit

um frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frumvarpið verði, samþykkt með tveimur breytingum, sem síðar segir. — Einstakir nefndarmenn munu og bera fram sérstakar breytingartillögur.

Ráðuneytið hefir sent nefndinni álit og svör sveitarstjórna um frv. og tillöguna um fulltrúaráð. — Af 25 sveitarstjórnnum, sem sent hafa álit, eru allar, að einni undantekinni, meðmæltar frumvarpinu, sumar þeirra gera þó einstakar athugasemdir og breytingartillögur, 8 fallast á tillöguna um tryggingarráð, 3 eru henni eindregið mótmæltar, 2 eru á báðum áttum og 11 minnst ekki á hana.

Nefndin hefir fallizt á þær athugasemdir sveitarstjórna, að rétt muni að undanskilja lausafjártryggingar gagnkvæmri ábyrgð, sömuleiðis að fella niður frádrátt þann á bótum, sem um ræðir í 12. gr. frv. (16. gr. gildandi laga).

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. nefndarinnar til, að samþykktar verði eftirtaldar

BREYTINGAR.

1. Við 8. gr. Á eftir „Brunabótafélagi Íslands“ í upphafi greinarinnar komi: samkvæmt 6. gr. 1. og 2. tölulið.
2. Við 12. gr. Greinin falli niður. (Greinatala breytist skv. því).

Alþingi, 20. marz 1931.

H. Stefánsson,
form., frsm.

Héðinn Valdimarsson,
með fyrirvara.
Ólafur Thors.

Ásg. Ásgeirsson,
fundaskrifari.